

Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis: <input type="checkbox"/> Skólameistari <input checked="" type="checkbox"/> Kennari / Kennarar	Dagsetning tilvísunar
Nafn skóla Verkmenntaskólinn á Akureyri	Símanúmer skóla 4640300
Skólameistari Hjalti Jón Sveinsson	Netfang hjalti@vma.is
Kennari / Kennarar	Netfang
Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð) Raf 103/113 http://www.vma.is/is/namid/afangar/view/RAF1036 Raf 253 http://www.vma.is/is/namid/afangar/view/RAF2536 Raf 353 http://www.vma.is/is/namid/afangar/view/RAF3536 Raf 554 http://www.vma.is/is/namid/afangar/view/RAF5548 Raf 564 http://www.vma.is/is/namid/afangar/view/RAF5648	
Ágreiningsefni Ofntaldir áfangar hafa alla tíð verið kenndir sem verklegir áfangar. Nú eru þeir skráðir sem fagbóklegir. Verklegar æfingar eru gerðar á verkstæðum rafdeildar og vélstjórnar þar sem ekki er gert ráð fyrir fleiri en 12 nemendum og af öryggisástæðum er ekki tækt að hafa fleiri en 12 nemendur í verklegum æfingum. Það er því krafa okkar að þessir áfangar verði skráðir sem verklegir áfangar innan skólans, því eins og sjá má á áfangalýsingum er gert ráð fyrir verklegum æfingum í þessum áföngum.	
Sent á formann vinnumatsnefndar x Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolin.is <input type="checkbox"/> Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is <input type="checkbox"/> Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is <input type="checkbox"/> Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is <input type="checkbox"/> Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is	Fylgigögn <input type="checkbox"/> Vinnumat kennara <input type="checkbox"/> Vinnumat skólameistara <input type="checkbox"/> Önnur gögn:

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Vinnumatsnefnd Vinnumatsnefnd 1	Málsnúmer VMN1-011
Nafn skóla Verkmenntaskólinn á Akureyri	Áfangaheiti Raf 103/113 Raf 253 Raf 353 Raf 554 Raf 564
Dagsetning sem málið barst 1.10.2015	Dagsetning úrskurðar 16.12.2015
Niðurstaða vinnumatsnefndar	
<p>Það mun ekki vera í verkahring vinnumatsnefnda að álykta um skilgreiningu námsáfanga í reiknilíkani en hins vegar er það hlutverk þeirra að skilgreina inntak og umfang einstakra hluta vinnumatsins og að skera úr ágreiningi um vinnumat námsáfanga einstakra skóla samanber viðauka 2. með kjarasamningi frá 4. apríl 2014.</p> <p>Með útgáfu nýrrar námskrár árið 2006 var sett fram ný nálgun og breyttar áherslur í rafiðnaðarnámi. Eftirtaldir áfangar hafa verið kenndir samkvæmt námskrá frá árinu 2006 sem verklegir eða með 12 nemenda viðmiðunarfjölda hjá VMA án undantekninga til hausts 2015. Þegar innihald og uppbygging áfangana er skoðuð nánar má sjá að þeir hafa verið hugsaðir og byggðir upp sem verklegir áfangar (sjá áfangalýsingar neðangreindra áfanga)</p> <p>Hvað viðkemur úrskurðarbeiðni kennara við VMA frá 1.10. 2015 þá leitaði vinnumatsnefnd 1 álits hjá skólameistara VMA varðandi flokkun umræddra áfanga. Afstaða hans er í meginatriðum sú sama og kennara við skólann þ.e.a.s að flokka beri umrædda áfanga sem verklega. Hins vegar telur skólameistari ekki mögulegt að fara út fyrir þær skilgreiningar er varða flokkun áganga sem ráðuneytið hefur gefið út.</p> <p>Vinnumatsnefnd 1 leggur til að áfangarnir verði flokkaðir samkvæmt innihaldi og uppbyggingu. Einnig að tekið verði fullt tillit til faglegrar reynslu, þekkingar og óska kennara og skólayfirvalda. Vinnumatsnefnd 1 telur afar brýnt að farið verði yfir flokkun náms á starfsmenntasviði með tilliti til skilgreiningar á hvaða áfangar teljist verklegir og hverjir fagbóklegir.</p> <p>f.h. vinnumatsnefndar 1 Helga Baldursdóttir</p>	

Framvinda máls:

Mál afgreitt

Máli vísað til úrskurðarnefndar